

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Garðabæjar, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra í viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Samþykkt 28. apríl 2021:

*Sveinskotsvör 1 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Vara.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun á byggingareit til suðausturs að Bjarnastaðavör.

Samþykkt 21. júní 2021:

*Ásgarður – óveruleg breyting á deiliskipulagi Ásgarðs.*

Breytingin gerir ráð fyrir byggingareit fyrir skiptistöð Strætó þar sem gert er ráð fyrir starfsmannaaðstöðu, strætóskýli, hjólaskýli og viðgerðaraðstöðu.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 23. júní 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2021